



Minnisblað

27.04.2015

Til: Sveitastjórn Rangárbæings ytra

Frá: Samgöngu- og fjarskiptanefnd

Varðar: Fjarskiptamál – lagningu ljósleiðara í dreifðar byggðir RY

Almennt:

Á fundi samgöngu- og fjarskiptanefndar Rangárbæings ytra þann 27. apríl fékk nefndin kynningu á frumhönnun á ljósleiðarakerfi fyrir dreifðar byggðir í sveitarfélaginu sem unnin hefur verið að undanfögnu að beiðni sveitastjórnar.

Fundurinn var málefnalegur og upplýsandi og gafst nefndarmönnum kostur á að spyrja höfund frumhönnunar um greininguna og málefnið almennt.

Miklar og gagnlegar umræður urðu á fundinum. Reynsla annarra sveitafélaga var rædd og fleiri atriði sem snúa að málaflokknum.

Út frá þeim gögnum sem fram komu á fundinum og fyrirbyggjandi upplýsingar um framkvæmdir á vegum annarra í sumar sáu nefndarmenn að hugsanlega er tækifæri nú, sem ekki gefst aftur, til að koma í jörð hluta af rorum fyrir stofnkerfi ljósleiðarans samhliða lögnum annarra á afar hagkvæman hátt. Einnig sáu nefndarmenn samlegðaráhrif sem geta verið fölgín í því að aðlaga núverandi hönnun að ljósleiðarakerfi sem fyrirhugað er að leggja í Ásahreppi og ná fram mikilli hagkvæmni og auka rekstraröryggi kerfanna tveggja til lengri tíma lítið.

Einnig voru ræddar hugmyndir sem miða að því að stilla upp áætlun sem geri það mögulegt að láta lagningu ljósleiðarakerfisins verða að veruleika. Voru nefndar ýmsar leiðir í því efni sem allar miða þó að því að verkefnið verði að veruleika innan tiltekins árafjölda, á eins hagkvæman hátt og mögulegt er án þess að förna gæðum kerfisins. Nefndarmenn eru sammála um að lykilkættir í slíkri áætlun séu að hún sé sannfærandi, um hana skapist mjög breið sátt, að verklok séu skilgreind og tillit sé tekið til sem flestra hópa auk heimila svo sem sumarhúsa, fyrirtækja og annarra sem geta nýtt sér kerfið.

Niðurlag:

Nefndin leggur til við sveitastjórn að áfram verði unnið að málefninu. Einkum eru það fjögur atriði sem leggja þarf áherslu á nú:

1. Hefja viðræður hið fyrsta við þá aðila sem hyggja á framkvæmdir sumarið 2015 innan sveitarfélagsins og kanna grundvöll til þátttöku í þeim verkefnum sem um ræðir. Bera þær framkvæmdir saman við frumhönnunina og meta kosti samlegðar. Einkum er þar átt við Landsnet, RARIK og Ásahrepp.
2. Hefja gerð áætlunar sem miðar að því að kanna og meta þær leiðir sem mögulegar eru til þess að leggja ljósleiðarakerfi í sveitarfélaginu innan tiltekins árafjölda á eins hagkvæman hátt og kostur er.
3. Óska eftir því að núverandi frumhönnun verði kostnaðargreind niður á leggi og heimitaugar svo að mögulegt sé að greina á stuttum tíma þann sparnað sem felst í því að taka þátt í framkvæmdum annarra á tilteknum köflum innan kerfisins ef slíkar upplýsingar berast skrifstofu sveitarfélagsins með skömmum fyrirvara. Slík kostnaðargreining auðveldar einnig að gera raunhæfa verkáætlun.
4. Vinna þarf að því að ríkisvaldið komi að fjármögnum verkefnisins, en forsætisráðherra hefur boðað að ríkisvaldið komi að fjármögnun á ljósleiðaravæðingu landsins með afgerandi hætti.